

Til: Kennslumálasjóðs Háskóla Íslands

Dagsetning: 31.12.2024. Lokaskýrsla 26.3.2025 við lok verkefnis.

Efni: Vegna styrkveitingar úr Kennslumálasjóði 2024 – leið A

Frá: Presti Olaf Sigurjónssyni, styrkþega, prófessors við Viðskiptafræðideild, FVS, Háskóla Íslands.

Heiti: Kennarar HÍ og Háskólaútafán í virkum tengslum við atvinnulífið með útgáfu raundæma.

Kæra Margrét Ludwig.

Mig langar til þess að byrja á því að þakka Kennslumálasjóði HÍ fyrir styrkinn. Ég er gríðarlega þakklátur fyrir stuðning Háskólans. Ég trúi því staðfestlega að sá kennsluháttur að nota raundæmi (e. Cases) í kennslu, sé hvorug tveggja gagnlegur fyrir miðlun efnis og enn fremur þjálfun þess. Þá tel ég að skrif kennarana á eigin raundæmum, sé besta leið þeirra til þess að móta og miðla efni í kennslu. Ég sótti þess vegna um styrk til Kennslumálasjóðs HÍ með að markmiði að þjálfu kennara í skrifum raundæma.

Í kjölfar þess að ég fékk styrkinn (24.4.24), hófst ég handa með verkefnið og auglýsti á Félagsvísindasviði eftir áhugasömum kennurum til þess að fara í þjálfun við skrif raundæma. Skáletraði textinn að neðan er úr auglýsingu sem Félagsvísindasvið birti í lok maí:

Aðstoð við skrif raundæma (e. Cases) – fjórir valdir.

.... Markmið er að þjálfu kennara til þess að skrifa raundæmi og búa þau undir útgáfu á vegum Háskólaútgáfunnar. Kostnaður af þjálfuninni og útgáfunni er borin af styrk frá Kennslumálasjóði.

... Opið er fyrir umsóknir um þátttöku innan Félagsvísindasviðs. Fjórir kennarar verða valdir til að taka þátt í verkefninu, sem fer fram á tímabilinu ágúst – desember 2024. Þeir fjórir kennarar sem valdir verða til samstarfs, eiga samstarf við Jordan Mitchell, sem hefur aðstoðað við skrif og útgáfu mörg hundruð raundæma, og Þröst Olaf Sigurjónsson, prófessor við Viðskiptafræðideild.

Stefna HÍ, að „Sífelld þróun kennsluhátta og námsframboðs er grunnurinn að gæðum námsins og að prófgráður standist alþjóðlegan samanburð.“, getur verið studd með skrifum og útgáfu raundæma, enda skýrt dæmi um þróun kennsluhátta og útgáfa kennsluefnis.

Fjórir kennarar voru valdir til samstarfs. Það hófst í lok ágúst, þegar haldinn var kennsludagur í Háskólanum í samvinnu við Jordan Mitchell. Við tóku fjórir mánuðir (september-desember) í leiðbeiningu. Þátttakendur skiluðu þrisvar sinnum uppkasti, og loka drögum þann 15. desember. Ég tók stöðuna með viðtölum og spurningarkönnun í byrjun nóvember, en markmið mitt var að gera grein fyrir þessu verkefni og reynsluna af því (þó í miðri á væri það enn), á ráðstefnu Kennsluakademíunnar 22. nóvember. Á ráðstefnunni var bæði haldin vinnustofa, í samvinnu við Magnús Þór Torfason, og erindi mitt um reynslu þátttakenda af leiðbeiningu á sviði raundæma.

Vinnustofur kl. 10:45-12:00

Leiðbeining lokaverkefna - VHV-007
Eva María Hlynisdóttir, prófessor, Sjónmálfræðideild, FVS
Sýja Bára R. Örnóðsdóttir, prófessor, Sjónmálfræðideild, FVS
Kennsla með raundæmum - VHV-008
Magnús Þór Torfason, prófessor, Viðskiptafræðideild, FVS
Erindi Olaf Sigurjónsson, prófessor, Viðskiptafræðideild, FVS

Málstofur kl. 14:45-16:05

Máttala 4 - Stofa VHV-023
Háttalæsi og samstarfi - Kennsluháttur og miðlun efnis
Erindi Olaf Sigurjónsson, prófessor, Viðskiptafræðideild, FVS



Seinasta umferð rýni á raundæmin átti sér stað um áramótin. Þá hófst prófarkarlestur og uppsetning fyrir útgáfu hjá Háskólaútgáfunni. Hlutverk Háskólaútgáfunnar í verkefninu er mikilvægur, þar sem Háskólinn / Háskólaútgáfan hefur hingað til ekki gefið úr raundæmi. Það er því um frumraun í útgáfu raundæma að ræða í þessu verkefni.

🔊 Kennsludagar: Kennsluheimsóknir

17. mar - 8:00 til 21. mar - 17:00 | Staðsetning: Háskóalsvæði
Athugasemd : Heimsóknir á ensku og íslensku

Föstudagur, 21. mars:

- *Þröstur Olaf Sigurjónsson*, prófessor í Viðskiptafræðideild og Jordan Mitchell, leiðbeinandi. Á ensku.
- Námskeið: Framkvæmd stefnu og mat á árangri. Heimsókn í kennslu með raundæmi. Boðið er upp á kaffi og te. Stofa: Oddi 106, kl. kl. 9:15-10:30.

Þann 21. mars 2025 var komið að útgáfudegi raundæmanna, kynningu þeirra sem hluta af Kennsluviku Háskólans, og lokafund Jordan og mín við kennarana. Jordan kom frá Kanada vegna þessara tímamóta. En dagurinn hófst þá á því að kennurum Háskólans var boðið að koma í kennslustund og sjá kennslu með raundæmi. Í kjölfarið var fundur með Jordan og kennurunum, þar sem farið var yfir áskoranir og sigra í verkefninu. Guðrún Geirsdóttir og aðilar Kennsluakademiunnar mættu um morguninn og tóku þátt.



Á viðburðinum var farið yfir hvernig styrkur Kennslumálasjóðs gerði verkefnið mögulegt. Enn fremur hvernig gekk að vinna það og hvaða lærdóm má draga af því. Kennararnir sem tóku þátt sögðu frá reynslu sinni. Ég bjó til könnun í kjölfarið, sem kennararnir eru nú að svara. Ég mun nota gögnin til þess að skrifa stutta grein um verkefnið og birta á vettvangi *Tímarits kennslumiðstöðvar Háskóla Íslands*. Ég hef enn fremur sent inn ágríp til ritstjóra bókar sem gefin verður út á vegum Palgrave. Titill bókarinnar verður „Teaching Excellence and Teaching Innovation in Higher Education“, á titill á ágrípinu mínu er

„Enhancing Teaching Through Case Writing: A Faculty Training Initiative“. Ef ágrípið verður samþykkt, þá skrifa ég bókarkafla um verkefnið. Enn fremur sendi ég inn ágríp til kennsluráðstefnu Kennslu- og upplýsingamiðstöðvar Háskólans á Akureyri, „Hvað er góð háskólakennsla?“. Titill ágrípsins er „Að skrifa raundæmi: Þróunarverkefni kennara við Háskóla Íslands“. Með þessum hætti er ég að vinna áfram sem mest árangur og möguleika verkefnisins.

Ég hef reynt að nýta styrkinn eins og best er á kosið, og nýta afleiðd tækifæri sem gefast. Þegar Jordan Mitchell kom í heimsókn í Háskólann í ágúst, var í samstarfi við Kennsluvið Háskólans. Héldum við í sameiningu viðburð fyrir þá kennara Háskólans sem vildu kynnst því að skrifa raundæmi. Skemmst er frá því að segja að húsfyllir varð. Að neðan er auglýsingin birt.

Það verður spennandi að fylgja eftir reynslu þeirra kennara sem þátt tóku í verkefninu. Enn fremur hvaða *ruðningsáhrif* verkefnið kann að haft á aðra, sem vilja spreyta sig á skrifum sem þessum. Áfram verð ég í sambandi við þátttakendurna, en þeir eru Valgerður Sólmes, prófessor í lagadeild, Adeel Akmal, lektor við viðskiptafræðideild, Freydis Freysteinsdóttir, prófessor við félagsráðgjafardeild og Thamar Melanie Heijstra, prófessor við félagsfræðideild og kennsluþróunarstjóri Félagsvísindasviðs. Á myndinni er einnig Jordan Mitchell, leiðbeinandi, Kathy Kanwalroop Dhanda, Fulbrigt gestakennari og prófessor við Sacred Heart University og undirritaður. Nú þegar þessi skýrsla er skrifuð, eru níu mánuðir síðan hópurinn hóf störf. Vinnan var jöfn og þétt yfir tímabilið og hefur hann náð vel saman. Allar líkur eru á því að hann haldi áfram samtali sínu og hver taki umræðuna og reynsluna yfir til sinnar deildar. Það er enn fremur verulega jákvætt hversu góð samskipti hafa verið við Háskólaútgáfunna, um það markmið að gefa raundæmin út. Háskólaútgáfan var frá fyrsta degi mjög jákvæð gagnvart verkefninu. Hins vegar kom það upp sem umræða meðal hópsins, hversu lítið raundæmi fá í mati sem útgáfa kennsluefnis. En það er annað verkefni sem vinnst á öðrum vettvangi. En vissulega mikilvægt verkefni.



Hér að neðan er klippimynd af „haus“ raundæmanna. Hún gefur örlitla mynd af því hvernig þau birtast á vef háskólaútgáfunnar.

Enn og aftur þakka ég Kennslumálasjóði Háskóla Íslands fyrir frábært samstarf og stuðning!

Virðingarfyllst, Þröstur Olaf Sigurjónsson



U202521C
March 7, 2025
Case Study: Social Sciences

University of Iceland: Challenges in Higher Education Financing and the Role of Tuition Fees for Non-EEA Students

Introduction

The University of Iceland (UI), established in 1919, was the country's largest and oldest higher educational institution. Historically, the university aimed to position itself among the top 300 global universities, often referred to as the "Harvard of the North."



U202523C
March 7, 2025
Case Study: Social Counseling

Warning: This case study contains references to sexual child abuse. Please read with caution and seek support if needed.

In or Out of the Community Following a Sexual Offence?

Introduction

In August 2024, Guðmundur, a 42-year-old man from the small town of Eyvindarfjörður, with a population of 3,000 people, was searching for a place to live. Born and raised in Eyvindarfjörður, he had lived for most of his adult life in the nation's capital before returning to his hometown in June 2024. In the capital, he had served five years in prison for sexually abusing a ten-year-old girl. His idea was to return to his roots to a familiar place.



U202520C
March 7, 2025
Case Study: Law

Heimar: Resolving Legal Disputes Amidst Growth Plans

Introduction

In late 2020, Heimar (previously Reginn), a commercial property company based in Kópavogur, Iceland wanted to further expand its property portfolio via mergers and acquisitions or, if applicable, alternative property transactions, whilst simultaneously working towards a more streamlined portfolio. As of the company's 2020 first quarter results, Heimar's portfolio consisted of 116 properties amounting to 377,000 square meters with a 97% lease rate. Although Heimar was impacted by the COVID-19 pandemic – a negative impact to turnover-related rent lease and the conversion of rental spaces – its operations re-



U202523C
March 7, 2025
Case Study: Business Operations

Chair Man: Can Value-Stream Mapping Help a Business Grow?

Introduction

During the summer of 2024, Móði Torfasson, a carpenter by trade, was thinking about the operations of his company – Chair Man – where he and his team of almost 30 trained workers produced and sold custom-designed chairs (see **Exhibit 1**). Nestled in the heart of Reykjavík, Chair Man stood as a testament to the city's rich history of craftsmanship and Móði's internationally-recognised skills. The workshop, adorned with intricate carvings and wooden accents reminiscent of Icelandic sagas, had been a beacon for Icelanders seeking bespoke seating solutions since 2013.